

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 415/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 7. gr.:

a. 3. mgr. orðist svo:

Vegna athugana eða rannsókna samkvæmt b. og c. lið skal farið að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófurlausnum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

b. 4. mgr. orðist svo:

Innan tveggja vikna frá því að niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk hafa verið sendar skólum, sbr. 8. gr., skal framkvæmdaaðili þeirra senda frumrit prófurlausna nemenda til viðkomandi skóla. Prófurlausnir skulu nýttar við skipulag kennslu nemenda að því marki sem kennarar eða skólastjórnendur telja gagnlegt en síðan afhentar forráðamönnum nemenda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að úrlausnir hafa borist skólanum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 16. nóvember 2006.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sólrún Jensdóttir.*